

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. maí og 3. júní 2019.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. maí og 3. júní 2019. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi kveður á um heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árunum 2019 og 2020.

Samningurinn gerir ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árunum 2019 og 2020.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 3. júní 2019 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Aður en samningur þessi var gerður var á grundvelli eldri samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árunum 2019 og 2020. Heildarafli þorsks verður þó ekki meiri en 2.400 lestir, heildarafli keilu ekki meiri en 650 lestir og engar veiðar eru heimilar á lúðu né grálúðu.

Á árlegum fundi sjávarútvegsráðherra Íslands og sjávarútvegsráðherra Færeyja sem haldinn var á Íslandi í mars 2019 náðist samkomulag milli aðila um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020. Efni samningsins er frábrugðið því sem verið hefur undanfarin ár. Munurinn liggur í að nú er samningurinn til tveggja ára í stað eins og breytt er hámarki sem sett er á loðnuveiðar Færeyinga, miðað við 5% af heildarloðnukvótanum. Hámarkið 2018 var 25.000 lestir, en verður aftur 30.000 lestir líkt og það var fyrir 2018. Einnig samþykktu þjóðirnar að halda áfram vinnu við að breyta fyrirkomulagi þessara samningaviðræðna með það að markmiði að gerður yrði rammisamningur til lengri tíma, en hægt yrði að breyta ýmsum atriðum, svo sem kvótum og aðgangi, miðað við aðstæður á hverjum tíma. Í þessu samhengi ákváðu aðilar að tilnefna hvor um sig sérfræðinga til að meta

verðmæti aflaheimilda og aðgangs sem nýtist við gerð fiskveiðisamnings þjóðanna. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið um mitt ár 2020.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu
á árunum 2019 og 2020.**

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Færeyja.

Reykjavík, 17. maí 2019

Hr. landstjórnarmaður
Poul Michelsen
Uttanríkis- og vinnumálaráðið
Tórshavn

Hr. landstjórnarmaður,

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Færeyja og Íslands um fiskveiðar innan færeyskrar og íslenskrar lögsögu á árunum 2018 og 2019.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

**„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.**

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðunum 2018/2019 og 2019/2020 verða 30 þúsund lestir hvora loðnuvertíð enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þúsund lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þúsund lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þúsund lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þúsund lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur $\frac{2}{3}$ hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 17. febrúar skal eigi meira en $\frac{1}{3}$ hluti af heildarkvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands eða verða tekin til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum. Heimildin til að landa til manneldisvinnslu eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum eftir 17. febrúar fer ekki undir 4.000 tonn, þótt það magn nemi hærra hlutfalli en $\frac{1}{3}$ af loðnukvóta Færeyja.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 2018/2019 og 2019/2020 að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Íslands á árunum 2019 og 2020. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árunum 2019 og 2020. Eigi skulu fleiri en 15 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl á ári innan fiskveiðilögsögu Færeyja árin 2019 og 2020.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um átætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Guðlaugur Þór Þórðarsson,
Utanríkisráðherra

b. Bréf utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Færeyja.

Tórshavn 3. júní 2019

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Góði Guðlaugur Þór Þórðarsson,

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett hin 17. maí 2019, sum ljóðar soleiðis :

„Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum fiskimálaráðharrar Føroya og Íslands um fiskiveiði í føroyskum og íslenskum sjógvi í 2018 og 2019.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi :

**„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslenskum og føroyskum sjógvi í 2019 og 2020**

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá føroyskum nótaskipum lodnuvertíðirnar 2018/2019 og 2019/2020 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er meir enn 500 túsund tons. Er heildarkvotan 500 túsund tons ella minni, verður parturin hjá føroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er føroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Verður heildarlodnukvotan minni enn 500 túsund tons, er loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna um borð á føroyskum verksmiðjuskipum nøgd sum svarar til $\frac{3}{4}$ av kvotuni hjá føroyskum skipum, sbr. 1. grein. Verður heildarkvotan har aftur ímóti størri enn 500 túsund tons, er ikki loyvt at landa til matna uttan fyri Ísland ella at virka til matna umborð á føroyskum skipum meira enn $\frac{2}{3}$ av av føroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 17. februar skal ikki meira enn $\frac{1}{3}$ av samlaðu føroysku kvotuni fara til matna uttan fyri Ísland ella verða virkaður til matna umborð. Eftir 17. februar fer nøgdin, ið loyvt er at landa til matna uttan fyri Ísland og verða virkað til matna umborð, ikki undir 4.000 tons, hóast henda nøgd er størri lutfall enn $\frac{1}{3}$ af tí føroysku lodnukvotuni.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðunum 2018/2019 og 2019/2020 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslenskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslenskum búskaparøki í 2019 og 2020. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2019 og 2020. Tó kunnu ikki fleiri enn 15 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslenskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trøngt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2019 og 2020.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslenskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslensk skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslensk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgjeva knøttstøðu og veiðinøgð, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgjeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum, skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og semjan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt.

Við hávirðing,
Poul Michelsen
landsstýrismaður í Uttanríkis og -vinnumálum